

Útgáfa 5.0
01.10.2022

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN
ALMANNAVARNA

Flugslysaáætlun fyrir Akureyrarflugvöll



Ríkislögreglustjóri
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
Almannavarnanefnd í umdæmi LSNE
Isavia

Flugslysaáætlun fyrir Akureyrarflugvöll

**Unnin af lögreglustjóranum á
Norðurlandi eystra, Isavia og
ríkislögreglustjóra**

**Athugasemdir við áætlunina skal senda
til almannavarnadeildar
ríkislögreglustjóra í netfangið
almannavarnir@logreglan.is**

Ljósmynd á forsíðu: Hörður Geirsson

EFNISYFIRLIT - KAFLASTKIPTI

1	Inngangur	6
2	Staðhættir	7
3	Skilgreiningar	9
3.1	Virkjun	9
3.2	ÓVISSUSTIG	9
3.3	HÆTTUSTIG	9
3.4	NEYÐARSTIG	9
3.5	NEYÐARSTIG - SJÓR	10
3.6	Afboðun	10
3.7	Tengsl FFA og NVF	10
3.8	Skammstafanir	11
4	Boðun	12
4.1	Óvissustig	13
4.2	Hættustig	14
4.3	Neyðarstig	15
4.4	Neyðarstig – SJÓR	16
5	Stjórnkerfi	17
5.1	Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfisins	17
5.2	Aðgerðastjórn	18
5.3	Verkþáttaskipurit fyrir aðgerðastjórn	19
5.4	Vettvangsstjórn	20
5.5	Verkþáttastjórar	21
5.6	Verkþáttaskipurit fyrir vettvangsstjórn	22
5.7	Samhæfingarstöðin	23
5.8	Flugvallarstjóri	23
5.9	Fjölmiðlar	23
5.10	Rannsókn vettvangs	24
5.11	Loftbrú	24
6	Starfssvæði	25
6.1	Móttökustaður (MÓT)	26
6.2	Biðsvæði á vettvangi (BH, BF og BTB)	27
6.3	Slysstaður og næsta nágrenni (SLY)	28
6.4	Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)	29
6.5	Söfnunarsvæði látinna (SSL)	30
6.6	Gæslustörf á vettvangi	31
6.7	Fjöldahjálparstöð (FHS)	32
6.8	Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)	33
6.9	Talning/Skráning	34

7	Flugslys á sjó.....	35
7.1	Inngangur	35
7.2	Staðhættir	35
7.3	Skilgreiningar	35
7.4	Boðun	35
7.5	Stjórnun	35
7.6	Fjarlægð frá landi eykst.	36
7.7	Fjarskipti	36
7.8	Starfssvæði í landi	36
7.9	Röð aðgerða	37
8	Verkefni viðbragðsaðila	38
8.1	Flugturninn á Akureyri	39
8.2	Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík - aðalvarðstjóri	43
8.3	Neyðarlínan	45
8.4	Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra FMR.....	46
8.5	Samhæfingarstöðin SST	47
8.6	Flugvallarþjónusta Isavia á Akureyri	48
8.7	Starfsfólk flugfélaga, veitingasölu og húsvörður í flugstöð	51
8.8	Aðgerðastjórn.....	53
8.9	Lögreglan Norðurlandi eystra á Akureyri.....	55
8.10	Lögreglan Norðurlandi eystra á Húsavík, Dalvík og Fjallabyggð.....	56
8.11	Slökkvilið Akureyrar	57
8.12	Sjúkrahúsið á Akureyri	58
8.13	Heilsugæsla Norðurlands á Akureyri.....	59
8.14	Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 11.....	60
8.15	Björgunarsveitir í Eyjafirði, svæði 11	61
8.16	Sjúkarbíll Dalvík.....	62
8.17	Rauði krossinn á Íslandi.....	63
8.18	Lóðsinn á Akureyri	64
8.19	Landspítalinn.....	65
8.20	Samráðshópur um áfallhjálp í lögregluumdæminu.....	66
8.21	Landhelgisgæslan.....	67
9	Skipulag fjarskipta	68
9.1	Grunnskipulag fjarskipta.....	68
9.2	Grunnskipulag fjarskipta sjó.....	69
10	Kort.....	70
11	Dreifingarlisti.....	72
12	Breytinga saga.....	73
13	Viðaukar.....	74

13.1	Skipulag SSS, uppdráttur.....	74
13.2	Yfirlitsmynd af SAK.....	76
13.3	Talningablað.....	77

1 INNGANGUR

Flugslysaáætlun þessari er ætlað að segja fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í kjölfar flugslyss á eða við Akureyrarflugvöll. Áætlunin er unnin af almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og Isavia í samvinnu við almannavarnanefnd í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Einnig voru allir viðbragðsaðilar og aðrir, sem nefndir eru í áætluninni, hafðir með í ráðum.

Áætlunin styðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008, 132 grein laga um loftferðir nr. 60/1998 og 6. grein lögreglulaga nr. 90/1996.

Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við Akureyrarflugvöll og stefnir að því að þolendum slíks óhapps berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma.

Flugslysaáætlun þessari er ætlað að vera til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð, en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, í samvinnu við almannavarnadeild Ríkislögreglustjórans og ISAVIA, ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar. Ofangreindir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum áætlunarinnar en ritstjórn þess er á ábyrgð almannavarnadeildar. Áætlunin skal endurskoðuð á fjögura ára fresti. Boðunarlista hjá Neyðarlínunni vegna áætlunarinnar skal uppfæra eins oft og þörf krefur og a.m.k. árlega.

Á sama hátt skal Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, í samvinnu við almannavarnadeild Ríkislögreglustjórans og ISAVIA, beita sér fyrir því að allir þættir áætlunarinnar séu æfðir í kjölfar endurskoðunar á fjögura ára fresti. Einnig skal hann stuðla að reglubundnum æfingum einstakra verkþátta.

Allir þeir sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun um það hvernig þeir leysa tæknilega verkefni sem þeim eru falin og skila slíkri áætlun til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Þessi áætlun miðast við verkþáttaskipun SÁBF, vegna aðgerða á slysavettvangi, gefið út af Almannaörnum ríkisins í samstarfi við Landlækni, Ríkislögreglustjóra, Brunamálastofnun, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Rauða Krossinum á Íslandi.

Flugslysaáætlunin tekur þegar gildi.

01.10.2022

Rafræn undirritun

05.12.2022

Ríkislögreglustjóri
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
Almannavarnir í umdæmi LSNE
Isavia

2 STAÐHÆTTIR

Staðsetning flugvallar

Akureyrarflugvöllur (BIAR) er staðsettur í botni Eyjafjarðar sem er u.þ.b. 65 kílómetra langur og suður frá vellinum er u.þ.b. 40 kílómetra langur dalur sem beygir til suðvesturs um 7 km innan við flugvöllinn.

Flugvallarsvæði:

Völlurinn er byggður á landfyllingu við ósa Eyjafjarðarar og er um það bil þrjá kílómetra í suður frá miðbæ Akureyrar

Sjávargrynningar liggja að norður- og vesturhluta vallarins en Eyjafjarðará rennur meðfram austurhluta hans.

Flugbraut:

Ein flugbraut.

Lendingaráttir **01** og **19**. Þessar tölur standa fyrir misvísandi (segulátt) landingarstefnu flugvélar það er, 01 er u.þ.b. 10° og 19 u.þ.b. 190°.

<i>Lengd:</i>	<i>Heildarlengd með öryggissvæðum er 2700 metrar.</i>
<i>Breidd:</i>	<i>45 metra.</i>
<i>Öryggissvæði:</i>	<i>60 metrar á hvorum enda að viðbættu 90 metra endaöryggissvæði (RESA). Malbikaðar axlir eru 7,5 metrar hvorum megin brautar og síðan er 45 metra öryggissvæði þar utan við meðfram allri brautinni.</i>
<i>Meðalhæð:</i>	<i>Meðalhæð vallarins er 2,31 metri yfir sjávarmáli á meðalstórstraumsfjöru.</i>
<i>Hnattstaða:</i>	<i>Hnattstaða miðju brautar er 65°39'31''N / 018°04'20''W.</i>
<i>Yfirborðsefni:</i>	<i>Malbik (PCN 45).</i>
<i>Akbrautir:</i>	<i>Engar akbrautir flugvéla eru við flugbrautina, nema innkeyrsla inn á flughlað.</i>
<i>Ljós:</i>	<i>Þröskuldsljós, blossaljós, aðflugshallaljós, aðflugsljós, aðflugsljós eltandi, brautarljós, endaljós, akbrautarljósog kantljós.</i>

Aðflug:

Aðflug úr suðri er niður eftir Eyjafjarðardalnum.

Aðflug úr norðri er inn eftir firðinum og áfram yfir austasta hluta Oddeyrarinnar (Oddeyrartanga).

Mannvirki:

Öll mannvirki við Akureyrarflugvöll eru staðsett vestan flugbrautar nema radarhús og aðflugshallasendishús sem eru að austanverðu. Einnig er stefnusendishús norðaustan við flugbrautarenda 19. Við flughlað stendur flugstöðvarbyggingin en rétt norðan hennar er eldsneytisafgreiðsla. Skammt sunnan flugstöðvar er vélageymsla, aðsetur flugvallarþjónustu, sandgeymsla, stór flugskýli og Flugsafn Íslands. Vestan við þessar byggingar eru einkaflugskýli og flugskóli.

Akbrautir, vegir, slóðar:

Ein megin leið liggur að Akureyrarflugvelli. Er það vegur sem liggur frá Eyjafjarðarbraut inn að flugstöðvarbyggingu og bílastæðum.

Þaðan liggja tvær ökuleiðir inn á völlinn. Önnur í gegnum hlið norðan flugstöðvarbyggingar en hin sunnan hennar um hlið við fraktafgræiðslu.

Þá liggur vegur af Eyjafjarðarbraut að flugsafni, skrifstofum Norlandair og inn á flugvöllinn í gegnum hlið við flugvallarþjónustu að vélageymslum ISAVIA, flugskólum og flugskóla. Þaðan er hægt að komast inn á flugsvæði í gegnum geislahlið.

Einnig liggur vegur þvert yfir, fyrir sunnan völlinn að brú yfir vestustu kvísl Eyjafjarðarár, og vegstubbur af honum inn á syðsta hluta vallarsvæðisins. Þannig má nálgast suðurhluta vallarins úr tveimur áttum.

Flugumferð:

Áætlunarflug eru tíð og eru þau einkum stunduð með 76 sæta Bombardier Q400 vélum. Innanlandsfarþegar eru um 180.000 á ári um flugvöllinn. Millilandafarþegar eru um 20.000 Hreyfingar á vellinum árlega eru um 15.000. Völlurinn er miðstöð sjúkraflugs á landinu og mikið er um leigu- og einkaflug. Völlurinn er varaflugvöllur fyrir Keflavíkflugvöll vegna millilandaflugs. Um völlinn fer einnig reglulegt millilandaflug til ýmissa staða í evrópu með 150 – 190 sæta flugvélum. Þá er einnig mikið um leigu, einka og kennsluflug.

Þjónustutími:

Þjónustutími er frá kl. 07:00 til 23:00 auk útkallsþjónustu í sératvikum. Öryggisvarsla er allan sólarhringinn.

Öryggismál:

Völlurinn er í slökkviflokki CAT 6 og hækkalegur í CAT 7 með stuttum fyrirvara.

Á vellinum er björgunarbúnaður samkvæmt kröfum s.s. slökkvibíreið, fjölfar, börur, teppi og skyndihjálparbúnaður.

Millilandaflug

Flugvöllurinn þjónar hlutverki sem varaflugvöllur fyrir vélar í millilandaflugi.

3 SKILGREININGAR

3.1 Virkjun

Flugslysaáætlunina er hægt að virkja á þremur ólíkum háskastigum. Ákvörðun um virkjun er tekin af flugumferðastjóra í flugturni. Þannig tilkynnir flugumferðarstjóri í flugturni Neyðarlínunni um á hvaða stig skuli virkja áætlunina. Þeir sem heimild hafa til að virkja áætlunina að höfðu samráði við flugturn á Akureyrarflugvelli eru:

- Flugturninn á Akureyrarflugvelli
- Lögreglan á Norðurlandi eystra
- Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík
- Almannaþingardeild ríkislögreglustjóra

Þegar FFA hefur verið virkjuð eru aðgerðir undir stjórn aðgerðastjórnar. Aðgerðastjórn metur hvort þörf er á að boða fleiri aðila til starfa.

3.2 ÓVISSUSTIG

Skilgreining:

Ástand þar sem óvissa ríkir um öryggi loftfars og þeirra sem í því eru.

3.3 HÆTTUSTIG

Skilgreining:

Ástand þar sem ótti ríkir um öryggi loftfars og þeirra sem í því eru.

3.4 NEYÐARSTIG

Skilgreining:

Ástand þar sem vitað er að loftfar er í alvarlegri, yfirvofandi hættu og þeir sem í því eru þarfnast tafarlausrar aðstoðar. T.d. flugslys á landi.

3.5 NEYÐARSTIG - SJÓR

Skilgreining:

Ástand þar sem vitað er að loftfar er í alvarlegri, yfirvofandi hættu og þeir sem í því eru þarfnast tafarlausrar aðstoðar. T.d. flugslys á sjó.

3.6 Afboðun

Aðgerðastjórn tilkynnir afboðun og breytingar á almannavarnastigi til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. Aðgerðastjórn tilkynnir auk þess um afboðun á TETRA til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

3.7 Tengsl FFA og NVF

Þegar um sprengjuhótun eða flugrán er að ræða á Akureyrarflugvelli og NVF er virkjuð tekur aðgerðarstjóri ákvörðun um virkjun FFA. Ef sprengja springur eða aðrar orsakir leiða til þess að viðkomandi loftfar brotlendir, tekur neyðarstig FFA þegar gildi og aðgerðastjórn vegna flugslysa á Akureyrarflugvelli tekur við yfirstjórn aðgerða.

3.8 Skammstafanir

AHS	Aðhlyningarstjóri
AST	Aðgerðastjórn /-stjóri
AVN/Av-nefnd	Almannavarnanefnd
BF	Biðsvæði flutningstækja
BH	Biðsvæði hjálparliðs
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
ETA	Áætlaður komutími (Estimated Time of Arrival)
ETD	Áætlaður brottfarartími (Estimated Time of Departure)
F	Verkþátturinn Flutningar
FFA	Flugslysaáætlun fyrir Akureyrarflugvöll
FSA	Sjúkrahúsið á Akureyri
G	Verkþátturinn Gæslustörf
IL	Innri lokun
Isavia	Isavia, rekstraraðili flugvalla og flugleiðsöguþjónustu á Íslandi
JRCC	Stjórnstöð sjóbjörgunar (Joint Rescue Coordination Centre)
L og B	Verkþátturinn Leit og björgun
LSH	Landspítali Háskólasjúkrahús
LÞ	Lendingarsvæði fyrir þyrlur
Mhz	Megahertz
MÓT	Móttökustaður fyrir bjargir
NVF	Neyðaráætlun vegna flugverndar
OSC	Vettvangsstjóri sjór (ON scene coordinator)
RKÍ	Rauði krossinn á Íslandi
RNSA	Rannsóknarnefnd samgönguslysa
S og F	Verkþátturinn Sjúkra- og fjöldahjálp
SAK	Sjúkrahúsið á Akureyri
SÁBF	Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd – verkþáttaskipturit fyrir AST og VST
SLY	Slysstaður / slysavettvangur
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda
SSL	Söfnunarsvæði látinna
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra
SST	Samhæfingarstöðin
TWR	Flugturn
VHF	Very High Frequency
VST	Vettvangsstjórn / -stjóri
VPS	Verkþáttastjórar
YL	Ytri lokun

4 BOÐUN

Eftirtaldir boða þá, sem verkskyldur hafa, til starfa:

Starfsmaður í flugturninum á Akureyri gerir eftirfarandi aðilum viðvart:


Flugturn boðar með TETRA (auk þess flugvallarstafsmenn með TETRA)

- Starfsmenn flugvallar
- Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
- Neyðarlínuna

með TETRA á ISAVIA-Boðun og tilkynnir um virkjun:

- **ÓVISSUSTIG, HÆTTUSTIG, NEYÐARSTIG eða NEYÐARSTIG-SJÓR**
- **líklega staðsetningu** atburðar í hnitum skv. korti.
- Auk þess veitir hann eftir föngum upplýsingar um atburðinn (sjá nánar kafla 8).

Neyðarlínan/FMR tryggja boðun og koma upplýsingum til bjarga á leið á vettvang á TETRA **talhóp Blár 6-0**



4.1 Óvissustig

Neyðarlína 112 boðar með SMS: Óvissustig Akureyrarflugvöllur

Aðgerðastjórn ALNEY – hópur 1
Almannavarnadeild – bakvakt
Flugturn Akureyri - Hringt
FMR – vegna boðunaráætlana
HSN – Viðbragðsstjórn Akureyri
Isavia – höfuðstöðvar – öll flugtengd atvik
Isavia Flugvallarþjónusta á Akureyri - Hópur 1
Landhelgisgæslan - EOD
Landhelgisgæslan – útkallslið
LSNE – neyðarsímar varðstjóra Akureyri
LSNE - yfirstjórn
Rannsóknarnefnd samgönguslysa
SAk – Viðbragðsstjórn
Samgöngustofa – flugslys
Slökkvilið Akureyrar – yfirmenn
Slökkvilið Þingeyjarsveit - yfirmenn

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

4.2 Hættustig

Neyðarlína 112 boðar með SMS: Hættustig – Akureyrarflugvöllur

Aðgerðastjórn ALNEY – hópur 1
Almannavarnadeild - Áhöfn SST hópur 1 og 2 / Samráðshópur áfallahjálpar í SST
Björgunarsveitin Dalbjörg, Eyjafjarðarsveit
Björgunarsveitin Strákar, Siglufirði
Björgunarsveitin Tindur, Ólafsfirði
Björgunarsveitin Týr, Svalbarðseyri
Björgunarsveitin Ægir, Grenivík
Björgunarsveitinn Dalvík
FMR - boðunaráætlanir
Hópslysanevnd kirkjunnar
HSN - viðbragðsstjórn
Isavia Flugvallarþjónusta á Akureyri – Hópur 1 og 2 (Flugturninn á Akureyri)
Isavia höfuðstöðvar – öll flugtengd atvik
Landhelgisgæslan – EOD / útkallslið
Landsbjörg – skrifstofa
Lóðsinn á Akureyri/Hafnarstjóri
LSNE – Allir starfsmenn Akureyri / yfirstjórn
Prestar, Eyjafirði og Þingeyjar, Akureyrarflugvöllur
Rannsóknarnefnd Samgönguslysa – flugslysasvið
RKÍ - - Neyðarnefnd og aðgerðastjórn Eyjafjarðar
RKÍ - Dalvík
SAk – Viðbragðsstjórn / Hópslys
Samgöngustofa - Flugslys
Slökkvilið Akureyrar – stórt útkall / yfirstjórn
Slökkvilið Þingeyjasveit – yfirmenn
Súlur, björgunarsveitin á Akureyri - Allir
Svæðisstjórn björgunarsveita – svæði 11

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

4.3 Neyðarstig

Neyðarlína 112 boðar með SMS: Neyðarstig – Akureyrarflugvöllur

Aðgerðastjórn ALNEY – hópur 1
Almannavarnadeild - Áhöfn SST hópur 1 og 2 / Samráðshópur áfallahjálpar í SST
Björgunarsveitin Dalbjörg, Eyjafjarðarsveit
Björgunarsveitin Strákar, Siglufirði
Björgunarsveitin Tindur, Ólafsfirði
Björgunarsveitin Týr, SValbarðseyri
Björgunarsveitin Ægir, Grenivík
Björgunarsveitinn Dalvík
FMR – boðunaráætlanir / ID-nefnd
Hópslysanevnd kirkjunnar
HSN - viðbragðsstjórn
Isavia Flugvallarþjónusta á Akureyri – Flugturn, hópur 1 og 2
Isavia höfuðstöðvar – öll flugtengd atvik
Landhelgisgæslan – EOD / útkallslið
Landsbjörg – Landsstjórn / skrifstofa
Lóðsinn á Akureyri/Hafnarstjóri
LRH – AST, áhöfn LRH
LSH Fossvogi – bráðasvið stjórnendur
LSNE – Allir starfsmenn Akureyri / yfirstjórn / Dalvík / Fjallabyggð / vaksími Húsavík
LSNE - Rannsóknardeild
Prestar, Eyjafirði og Þingeyjar, Akureyrarflugvöllur
Rannsóknarnefnd Samgönguslysa – flugslysasvið
RKÍ - Dalvík
RKÍ - Neyðarnefnd og aðgerðastjórn Eyjafjarðar
RKÍ – Stórslysaþing Eyjafirði
SAk – Viðbragðsstjórn / Hópslys
Samgöngustofa - Flugslys
Sjúkaflutningar - Dalvík
Slökkvilið Akureyrar – stórt útkall / yfirstjórn
Slökkvilið Grenivíkur
Slökkvilið Þingeyjasveit – yfirmenn
Súlur, björgunarsveitin á Akureyri - Allir
Svæðisstjórn björgunarsveita – svæði 11

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

4.4 Neyðarstig – SJÓR

Neyðarlína 112 boðar með SMS: Neyðarstig – Sjór – Akureyrarflugvöllur

Aðgerðastjórn ALNEY – hópur 1
Almannavarnadeild - Áhöfn SST hópur 1 og 2 / Samráðshópur áfallahjálpar í SST
Björgunarsveitin Dalbjörg, Eyjafjarðarsveit
Björgunarsveitin Strákar, Siglufirði
Björgunarsveitin Tindur, Ólafsfirði
Björgunarsveitin Týr, SValbarðseyri
Björgunarsveitin Ægir, Grenivík
Björgunarsveitinn Dalvík
FMR – boðunaráætlanir / ID-nefnd
Hópslysanevnd kirkjunnar
HSN - viðbragðsstjórn
Isavia Flugvallarþjónusta á Akureyri – Flugturn, hópur 1 og 2
Isavia höfuðstöðvar – öll flugtengd atvik
Landhelgisgæslan – EOD / útkallslið
Landsbjörg – Landsstjórn / skrifstofa
Lóðsinn á Akureyri/Hafnarstjóri
LRH – AST, áhöfn LRH
LSH Fossvogi – bráðasvið stjórnendur
LSNE – Allir starfsmenn Akureyri / yfirstjórn
LSNE - Rannsóknardeild
Prestar, Eyjafirði og Þingeyjar, Akureyrarflugvöllur
Rannsóknarnefnd Samgönguslysa – flugslysasvið
RKÍ - Dalvík
RKÍ - Neyðarnefnd og aðgerðastjórn Eyjafjarðar
RKÍ – Stórslysaþing Eyjafirði
SAk – Viðbragðsstjórn / Hópslys
Samgöngustofa - Flugslys
Sjúkaflutningar - Dalvík
Slökkvilið Akureyrar – stórt útkall / yfirstjórn
Súlur, björgunarsveitin á Akureyri - Allir
Svæðisstjórn björgunarsveita – svæði 11

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

5 STJÓRNKERFI

5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfisins

Aðgerðastjórn

AST

Hlutverk:

Yfirstjórn og samhæfing aðgerða innan umdæmis

Bakland vettvangsstjórnar

Tenging við viðbragðsaðila:

Allar starfseiningar innan umdæmis sem eru ekki starfandi á vettvangi

Samhæfingarstöðin

SST

Hlutverk:

Yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana

Flutningur slasaðra milli umdæma

Bakland aðgerðastjórnar

Samhæfing á landsvísu

Tenging við viðbragðsaðila:

Allar bjargir á landinu sem eru starfandi utan umdæmis áfallsins

Ríkisstofnanir

Erlendar bjargir

Vettvangsstjórn

VST

Hlutverk:

Yfirstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi

Bakland verkþáttastjóra

Tenging við viðbragðsaðila:

Allar starfseiningar

við störf á vettvangi

Björgunarstjóri

Aðhlyningarstjóri

Gæslustjóri

Flutningastjóri

Undirstjórnandi

Undirstjórnandi

Undirstjórnandi

Undirstjórnandi

Stjórnandi svæðis

Viðbragðssveit

Stjórnandi svæðis

Stjórnandi MÓT

Stjórnandi verkefnis

Fjarskiptamaður

Stjórnandi talningar

Stjórnandi Biðsvæðis

Birgðarstjóri

5.2 Aðgerðastjórn

Yfirstjórn aðgerða samkvæmt flugslysaáætluninni er á ábyrgð lögreglustjórans á Norðurlandi eystra sem getur skipað aðgerðastjórn í samvinnu við almannavarnanefnd.

Aðgerðastjórn er að jafnaði þannig skipuð:

- Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra eða sá sem hann tilnefnir, **AÐGERÐASTJÓRI**.
- Fulltrúi lögreglunnar
- Fulltrúi Slökkviliðs Akureyrar
- Fulltrúi Heilsugæslunnar á Akureyri
- Fulltrúi SAK
- Fulltrúi Svæðisstjórnar björgunarsveita, svæði 11
- Fulltrúi RKÍ
- Fulltrúi ISAVIA
- Fulltrúi hagsmunaaðila (Flugrekandenda / skipafélaga / flutningsaðila / sveitarfélaga o.fl. eftir atvikum)

Aðgerðastjórn skal huga að starfsliði til að sinna eftirtöldum verkefnum:

- Símsvörun
- Skráningum og almennri ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskiptum

Helstu hlutverk aðgerðastjórnar:

- Stjórn og samræming heildaraðgerða innan aðgerðasvæðisins
- Virkjun starfseininga innan umdæmis
- Yfirstjórn og bakland vettvangsstjórnar
- Tryggja samskipti við SST
- Tryggja samskipti við heilbrigðisstofnanir í umdæmi
- Tryggja samskipti við Rauða krossinn á Íslandi
- Tryggja samskipti við flugvöll og flugturn
- Tryggja samskipti við fjölmiðla í samráði við hlutaðeigandi aðila (sjá kafla 5.9 fjölmiðlar)
- Tryggja að farþegalisti sé réttur áður en hann er gefinn út
- Tryggja flutningstæki (strætó, rútur) vegna farþega (græna) frá SSS á SAK
- Yfirfæra vettvanginn til Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Aðsetur aðgerðastjórnar:


Aðalaðsetur:

AST, Hjalteyrargata 12, Akureyri

Varaaðsetur:

Lögreglustöðin á Akureyri

5.3 Verkbáttaskipurit fyrir aðgerðastjórn



Aðgerðastjóri ákveður verkaskiptingu innan aðgerðastjórnar. Aðgerðastjóri getur breytt verkaskiptingu ef hann telur þörf á.

5.4 Vettvangsstjórn

Heildarstjórn aðgerða á vettvangi samkvæmt flugslysaáætluninni er í höndum vettvangsstjóra í umboði lögreglustjóra. Vettvangsstjóri kemur að jafnaði úr röðum lögreglunnar. Hann skal hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn, sé þess kostur.

Vettvangsstjórn vegna flugslyss á eða við Akureyrarflugvöll er skipuð fulltrúum frá:

- Lögreglunni
- Slökkviliði Akureyrar
- Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 11
- Isavia

Vettvangsstjóri skal dreifa verkefnum á meðal aðila innan vettvangsstjórnar eftir aðstæðum hverju sinni.

Vettvangsstjórn skal skipa fólk í skráningu, fjarskipti og önnur störf eftir þörfum.

Mikilvæg verkefni vettvangsstjórnar:

- Heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi í samræmi við verkþáttaskipunirnið SÁBF skv. umboði lögreglustjóra
- Vinna heildarskipulag fyrir vettvang, svo sem staðsetningu SSS, biðsvæða og lokana í samráði við verkþáttastjóra.
- Styðja verkþáttastjóra í þeirra störfum
- Fylgjast með nýtingu bjarga og aðstoðar við ráðstöfun og tilfærslu þeirra.
- Sá sem er skipaður í *Framkvæmd* skal vera í fjarskiptasambandi við verkþáttastjórana (sjá næsta kafla)
- Skipulagning fjarskipta á vettvangi
- Að tryggja fjarskipti við aðgerðastjórn

Aðsetur vettvangsstjórnar:

Aðalaðsetur: Færanlegur stjórnstöðvarbíll

Varaaðsetur: Flugvallarþjónustu annarri hæð vélageymslu

Merkja skal vettvangsstjórnarbil tryggilega með segulmerki eða fána: VST



5.5 Verkpáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkpátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkpáttastjóranna en þeir eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Verkpáttastjórar	Aðilar sem skipa verkpáttastjóra	Vinnusvæði
Björgunarstjóri	Slökkvilið Akureyrar	Við slysstað
Aðhlyningarstjóri	Sjúkrahúsið á Akureyri	Við söfnunarsvæðin
Gæslustjóri	Lögreglan	Hreyfanlegur eftir þörfum
Flutningastjóri	Svæðisstjórn björgunarsveita	Hreyfanlegur eftir þörfum

Fyrstu verk allra verkpáttastjóra eru að:

- Hafa samband við vettvangsstjórn og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- Skipa undirstjórnendur og útteila verkefnum.

Björgunarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi í eða við flugvélarflak, þ.á.m. slökkvistörf, björgun úr flaki, burð þolenda frá flaki að bráðaflokkunarsvæði og bráðaflokkun. Verkefni Björgunarstjóra eru:

- **Leit:** Finna og staðsetja þolendur
- **Bráðaflokkun:** Forgangsráða áður en flutt er frá innri lokun.
- **Björgun:** Úr lokuðum rýmum, undan fargi eða öðrum stað. Björgun þolenda og stjórnun flutnings þeirra af slysavettvang.
- **Slökkvistarf:** Stöðva eða hindra útbreiðslu elds.
- **Viðbrögð við mengun:** Hindra útbreiðslu / hreinsa upp.

Aðhlyningarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á söfnunarsvæði slasaðra. Fyrsta verk aðhlyningarstjóra er að undirbúa móttöku á þolendum frá slysstað. Verkefni Aðhlyningarstjóra:

- **Áverkamat:** Með tilliti til flutnings. Hreyfanlegt. Greina ástand og skrá þolendur.
- **Meðferð:** Til að tryggja öryggi þolenda, veita þá umönnun sem möguleg er fram að og við flutning.
- **Forgangsröðun:** Hverja á að flytja, hvert, hvenær, með hverskonar tæki og hvaða meðferð á að veita.

Gæslustjóri stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi. Verkefni Gæslustjóra:

- **Lokun svæða:** Innri lokun, slysstaður og hættusvæði, Ytri lokun, vettvangurinn.
- **Verndun svæða:** Vettvangur og einstök starfssvæði, verndun látinna, verndun rannsóknarvettvangs, gæsla á lendingarsvæðum, verndun á öðrum starfssvæðum.
- **Umferðarskipulag:** Skipulag umferðar innan innri lokunar, lokanir, almenn umferð og umferð til og frá SSS
- **Talning:** Talning og flæði þolenda.


Flutningastjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum. Verkefni Flutningastjóra:

- **Móttaka:** Skráir inn í aðgerðina allar bjargir. (Bjargir mæta á MÓT nema annað sé tekið fram)
- **Biðsvæði:** Biðsvæði hjálparliðs (BH). Biðsvæði flutningstækja (BF). Biðsvæði tækja og búnaðar (BTB).
- **Flutningstæki:** Heildaryfirlit (hvað, hvar, hvenær), stýrir nýtingu bjarga. Tæknileg framkvæmd.

Undirstjórnendur vinna undir verkpáttastjórum við stjórnun á ákveðnum verkefnum eða vinnusvæðum. Þeir stýra ákveðnum hóp björgunarmanna. Helstu verkefni undirstjórnanda:

- Aðstoðamaður verkpáttastjóra, fylgir verkpáttastjór í aðgerð og sér um fjarskipti á ákv. Rás Stjórnar hóp björgunarmann við ákveðin verkefni eða vinnusvæði

5.6 Verkbáttaskipurit fyrir vettvangsstjórn



Vettvangsstjóri ákveður verkaskiptingu innan vettvangsstjórnar, hann getur breytt verkaskiptingu ef hann telur þörf á.

5.7 Samhæfingarstöðin

- Halda uppi virku sambandi við aðgerðastjórn
- Skipuleggja stuðning við aðgerðastjórn og útvega bjargir utan umdæmis skv. beiðni hverju sinni.
- Skipuleggja og stjórna flutningi slasaðra milli umdæma.
- Sjá um úrvinnslu skráningar
- Sjá um heildarsamræmingu aðgerða á milli umdæma sem m.a. felst í að halda uppi virku sambandi við:
 - höfuðstöðvar þeirra viðbragðsaðila sem eru við störf.
 - þær fjöldahjálparstöðvar og söfnunarsvæði aðstandenda sem virkjaðar eru utan umdæmis.
 - þau sjúkrahús sem taka á móti slösuðum.
 - þær ríkisstofnanir sem veita aðstoð.
 - erlendar björgunarmiðstöðvar, eftir þörfum.

5.8 Flugvallarstjóri

Stjórn Akureyrarflugvallar er á höndum Isavia og fer umdæmisstjóri (flugvallastjóri) með daglega stjórn flugvallarins. Megin hlutverk flugvallarstjóra þegar flugslysaáætlun hefur verið virkjuð er: Þjóða fram við aðgerðarstjórn og eða vettvangsstjórn, alla þá aðstoð í formi tækja, vinnuafis eða aðstöðu sem hann hefur yfir að ráða. Önnur verkefni flugvallarstjóra eru:

- Ábyrgð á flugvallarsvæðinu.
- Ákvörðun um opnun eða lokun flugvallarins fyrir umferð að lokinni brautarskoðun.
- Halda uppi samskiptum við aðgerðastjórn, m.a. vegna sjúkraflugs um völlinn.
- Halda uppi samskiptum við starfsfólk í flugstöð.
- Halda uppi samskiptum við flugfélögin á Akureyrarflugvelli.
- Halda uppi samskiptum við flugturninn vegna frekara flugs.
- Halda uppi samskiptum við aðra aðila / starfseiningar innan ISAVIA.
- Tryggja samskipti við RNSA vegna starfa hennar á flugvælinum.
- Annast samskipti við eiganda loftfars, tryggingafélag og RNSA vegna brottflutnings flaksins.

5.9 Fjölmiðlar

Hverjir sinna þeim.

Fjórar meginstarfseiningar koma að samskiptum við fjölmiðla.

- Lögreglustjóri / aðgerðastjórn (stjórnandi aðgerðarinnar)
- Flugrekandi (eigandi loftfarsins)
- Isavia / Fjölmiðlafulltrúi
- Samhæfingarstöðin (samhæfing aðgerða)
- Landhelgisgæsla Íslands (í þeim tilfellum sem JRCC er virkjuð)

Í þeim tilfellum sem leitar- og björgunarmiðstöð vegna loftfara (JRCC) er virkjuð kemur Landhelgisgæsla Íslands einnig að samskiptum við fjölmiðla.

Að jafnaði getur Samhæfingarstöðin aðstoðað lögreglustjóra / aðgerðastjórn í samskiptum við fjölmiðla, fyrst um sinn.

Mikilvægt er að fulltrúar þessara fjögurra til fimm aðila / starfseininga hafi samráð vegna samskipta við fjölmiðla meðan á aðgerðinni stendur og hugsanlega eftir að henni lýkur.

Fjölmiðlamönnum sem mæta á staðinn skal vísað í AST þar sem fulltrúi frá AST tekur á móti þeim. Ef því verður við komið kemur upplýsingafulltrúi Isavia á staðinn og heldur þar utan um samskipti við fjölmiðla.

Helstu verkefni:

- Eins fljótt og auðið er skal senda fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.
- Tilnefna skal einn tengilið við fjölmiðla.
- Ákvarða skal fasta tíma til að senda út upplýsingar um stöðu mála.
- Sé þess kostur skal ákvarða stað þangað sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar.

Aðgengi að vettvangi:

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi á meðan á björgunaraðgerðum og vettvangsrannsókn lögreglu og RNSA stendur. Að þeim loknum er aðgangur fjölmiðla að vettvangi á ábyrgð Isavia (ef vettvangur er innan flugvallarsvæðis) eða lögreglu (ef vettvangur er utan flugvallarsvæðis). Fjölmiðlar sem fá aðgang um flugvallarsvæðið skulu vera í fylgd með starfsmanni Isavia. Tryggt skal að aðkoma fjölmiðla trúfli ekki aðgerðir og að öllum hlutaðeigandi aðilum sé tryggð fylsta nærgætni.

Upplýsingar um afdrif þolenda:

Upplýsingar um afdrif þeirra, sem lenda í flugslysi, eru á ábyrgð lögreglustjóra og skulu ekki veittar fjölmiðlum nema með vitund og samþykki eftirtalinna eftir því sem við á:

- Lögreglustjóra
- Flugrekanda
- Samhæfingarstöðvarinnar

5.10 Rannsókn vettvangs

Mikilvægt er að allir, sem starfa á vettvangi, gæti þess að spilla ekki ummerkjum vegna rannsókna.

Rannsókn vettvangs er tvíþætt. Annars vegar er rannsókn RNSA sem snýr að því að upplýsa orsök slyssins. Hins vegar er rannsókn lögreglunnar, sem snýr að því að upplýsa hvort um refsvert athæfi geti verið að ræða.

- Rannsókn getur hafist samhliða björgunaraðgerðum, en þá háð leyfi björgunarstjóra varðandi aðgang að vettvanginum á meðan björgunarstarf er í gangi.
- RNSA og rannsóknarmenn lögreglu skulu setja sig í samband við VST þegar þeir koma á vettvang sem kemur þeim í sambandi við Gæslustjóra.
- VST afhentir vettvang til lögreglu þegar björgunaraðgerðum er lokið.
- Eiganda vélar og tryggingafélagi í samvinnu við flugvallarstjórn er heimilt að fjarlægja flak, eftir að RNSA og lögregla hafa lokið störfum og gefið heimild til þess.

5.11 Loftbrú

Eftir að Neyðarlínan hefur boðað út skv. boðunaráætlun er samhæfingarstöð mönnuð. Þá setur neyðarvörður strax í gang undirbúning loftbrúar sem SST tekur við þegar hún hefur verið mönnuð. Virkjað er strax í upphafi fyrir flutning á helmingi farþegafjölda eða sætafjölda ef farþegafjöldi liggur ekki fyrir. SST leitar m.a. eftir upplýsingum frá AST um þörf á björgum til að senda með loftbrúnni á slyssað. Þegar loftbrú er komin í gang sér FST maður í samhæfingarstöð um samskipti við vélina í gegnum flugstjórn og turn á Akureyri. Turninn á Akureyri tilkynnir AST um brottfarir sjúkraflugs frá Akureyri og starfsmaður Isavia í SST leitar upplýsinga um ástand sjúklinga í gegnum flugmann vélarinnar

6 STARFSSVÆÐI

Í þessum kafla er fjallað um starfssvæðin sem þarf að skipuleggja þegar tekist er á við hópslys. Það er ljóst að ef ekki er um að ræða slys, þar sem margir eru slasaðir, mun ekki verða þörf á að virkja öll starfssvæðin. Engu að síður þarf að gera ráð fyrir þeim í skipulaginu og frekar að virkja þau frá upphafi og síðan að loka þeim ef ekki reynist þörf fyrir þau en að ætla að ákveða í miðri aðgerð hvað á að virkja og hvað ekki.

Einnig er hér fjallað um verkefni og lokanir sem ekki er hægt að setja niður sem ákveðið starfssvæði.

Starfssvæðum má skipta í tvo megin flokka. Söfnunarsvæði, sem ætluð eru þolendum óhappsins, og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum. Um nánari skilgreiningar á starfssvæðum og verkefnum, sem nefnd eru í þessum kafla, vísast til vettvangsstjórnarheftis almannavarna.

Söfnunarsvæði fyrir þolendur

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Biðsvæði fyrir bjargir

Biðsvæði hjálparliðs (BH)

Biðsvæði flutningstækja (BF)

Biðsvæði tækja & búnaðar (BTB)

6.1 Móttökustaður (MÓT)

Starfsemi: Staður þar sem bjargir tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða að tilkynna sig inn í gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

Staðsetning land 1) Á bifreiðastæði við flugsafn og Norlandair.
2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra.

Staðsetning sjór: Eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra

Verkbáttastjóri: **Flutningastjóri**

Undirstjórnandi: Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 11. Kallmerki „Stjórnandi MÓT“

Hverjir sinna: Lögreglan, stjórnar á MÓT þar til Flutningastjóri kemur á staðinn.
Svæðisstjórn björgunarsveita

Ef slysið er í það mikilli fjarlægð frá Akureyrarflugvelli að skipulögð starfssvæði þar nýtist ekki skal aðgerðastjórn, í samráði við vettvangsstjórn, ákveða annan móttökustað og fela FMR að finna næsta lögreglubíl til að annast móttöku og skráningu þar, þar til flutningastjóri tekur við.

Verkefni og verkaskipting

Skráning allra bjarga, tegund sveitar, stærð og kallmerki:

Flutningastjóri getur tilnefnt sinn undirstjórnanda í MÓT. Flutningastjóri getur veit undirstjórnanda MÓT umboð til þess að taka alfarið yfir stjórnun í MÓT, en flutningastjóri verður samt áfram ábyrgur fyrir ákvörðunum um samhæfingu og nýtingu bjarga.

Kortatákn:

MÓT



6.2 Biðsvæði á vettvangi (BH, BF og BTB)

Starfsemi: Staðir sem bjargir bíða á þangað til þeim hefur verið úthlutað verkefni eða á meðan þær eru í hvíld. Þaðan eru bjargir sendar í verkefni samkvæmt fyrirmælum vettvangsstjóra. Halda þarf skrá um allar bjargir í samvinnu við **MÓT**. Biðsvæði geta verið innan eða utan við ytri lokun (innri- eða ytri-biðsvæði).

Staðsetning land: 1) Á bifreiðastæði innan við MÓT, sjá mynd hér neðar.
2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra.

Staðsetning sjór: Eftir ákvörðun vettvangsstjóra / flutningastjóra

Verkbáttastjóri: Flutningastjóri

Undirstjórnandi: Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 11. Kallmerki „Stjórnandi biðsvæðis“

Hverjir sinna: Lögreglan
Svæðisstjórn björgunarsveita

Verkefni og verkaskipting:

Umsjón og eftirlit með hjálparliði á biðsvæði	Lögregla/ björgunarsveitir
Virkjun hjálparliðs til verkefna skv. beiðni	Lögregla / björgunarsveitir
Skráning flutningatækja og flutningsgetu	Lögregla / björgunarsveitir
Umsjón og eftirlit virkjun flutningatækja til verkefna	Lögregla / björgunarsveitir
Skráning tækja og búnaðar á biðsvæði	Lögregla / björgunarsveitir
Sending tækja og / eða búnaðar skv. beiðni	Lögregla / björgunarsveitir
Leiðbeina og skipuleggja umferð milli biðsvæðis og slystaðar	Flugvallarþjónusta
Flutningastjóri getur tilnefnt undirstjórnanda biðsvæðis sem sinn því áfram ábyrgur fyrir ákvörðunum um samhæfingu og nýtingu bjarga.	Flutningastjóri verður samt

Kortatákn: Biðsvæði Flutningstækja Biðsvæði hjálparliðs Biðsvæði tækja og búnaðar

BF

BH

BTB



6.3 Slysstaður og næsta nágrenni (SLY)

Starfsemi:	Björgun fólks úr hættu, bráðaflokkun, umönnun og undirbúningur fyrir flutning á söfnunarsvæði slasaðra til frekari greiningar og skráningar, slökkvistörf og eldvarnir, mengunarvarnir, leit umhverfis flakið og hreinsunarstörf.
Staðsetning land:	Staðurinn þar sem slysið er og næsta nágrenni. Afmarkast oft af innri lokun.
Staðsetning sjór:	Svæðið þar sem flak flugvélarinnar er eða þar sem flugvélin er talin hafa farið í sjóinn (ath. getur verið dreift).
Verkþáttastjóri:	Björgunarstjóri
Aðstoðamaður:	Kallmerki „Björgunarstjóri“. Sinnir fjarskiptum innan verkþáttarins og aðstoðar verkþáttastjóra við samhæfingu verkefnisins.
Undirstjórnandi:	Verkefnisstjóri / Svæðisstjóri. Settir yfir verkefni af björgunarstjóra eftir eðli verkefnis.
Aðrir stjórnendur:	Þegar vaktlæknir Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri mætir á slysstað gefur hann sig fram við björgunarstjóra og tekur yfir stjórnun á bráðaflokkun og forgangsröðun vegna flutnings á söfnunarsvæði slasaðra SSS.
Hverjir sinna:	Björgunarþjónusta Isavia á flugvelli Starfsmenn flugfélaga á Akureyrarflugvelli Slökkvilið Akureyrar Lögreglan Greiningarsveit SAK Heilsugæslustöðin á Akureyri Björgunarsveitir

Verkefni og verkaskipting

Slökkvistörf, eld- og mengunarvarnir	Flugvallarþjónusta / Slökkvilið
Lífsbjargandi aðstoð	Flugvallarþjónusta/Slökkvilið/ sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Björgun úr flaki	Flugvallarþjónusta/Slökkvilið/björgunarsveitir
Burður slasaðra frá flaki	Flugvallarþjónusta/Slökkvilið/björgunarsveitir
Leit umhverfis flakið	Björgunarsveitir
Hreinsunarstörf	Slökkvilið/Flugvallarþjónusta
Bráðaflokkun	Sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Umönnun þolenda	Sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Undirbúningur fyrir flutning á SSS	Sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Hleðslustjórn	Björgunarsveitir
Hleðsla sjúkrabifreiða	Sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Talning í flutningi á SSS	Gæslustjóri/lögreglan
Flutningur slasaðra til SSS.	Sjúkraflutningslið/björgunarsveitir

Þar starfa einnig rannsóknarnefnd flugslysa og lögregla vegna rannsókna. Þessir aðilar fylgja sérstakri áætlun um rannsókn svæðisins og eru í samráði við björgunartjóra um aðgengi og umgang um slysavettvang..


Kortatákn:



6.4 Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

<u>Starfsemi:</u>	Staður sem slösuðum er safnað á til áverkamats, skráningar, umönnunar og forgangsröðunar til flutnings. Þar fer einnig fram hleðsla og afhleðsla sjúkrafreiða. Gefa þarf fyrirmæli um ákvörðunarstað og eftirlit í flutningi.
<u>Staðsetning land:</u>	Flugskýli 8 (Höldursskýli)
<u>Staðsetning sjór:</u>	Á heppilegum stað þar sem slasaðir koma að landi samkvæmt ákvörðun Aðhlyningarstjóra og Vettvangsstjóra
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Aðhlyningarstjóri
<u>Aðstoðamaður:</u>	Kallmerki „Aðhlyningastjóri“. Sinnir fjarskiptum innan verkþáttarins og aðstoðar stjórnanda.
<u>Aðrir stjórnendur:</u>	Stjórnandi greiningarsveitar SAK stjórnar greiningu, læknisfræðilegri meðferð og forgangsröðun af söfnunarsvæði slasaðra SSS.
<u>Hverjir sinna:</u>	Greiningarsveit SAK Annað heilbrigðisstarfsfólk Sjúkraflutningamenn Sjúkraflokkar björgunarsveita RKÍ
<u>Verkefni og verkaskipting:</u>	
Áverkamat slasaðra	Greiningarsveit
Skráning/talning þolenda við móttöku og brottför	Lögregla / björgunarsveitir/aðrir
Forgangsröðun í flutningi frá SSS til sjúkrahúss	Stjórnandi / læknir
Fyrirmæli um ákvörðunarstað og eftirlit í flutningi	Stjórnandi / læknir
Umönnun og undirbúningur fyrir flutning	Greiningarsveit/sjúkraflutningslið/ björgunarsveitir
Afhleðsla og hleðsla sjúkrafreiða á SSS	Sjúkraflutningslið/Björgunarsveitir
Flutningur lítið slasaðra (grænir) frá SSS yfir á	
Grænasvæðið	RKÍ/Björgunarsveitir

Kortatákn:



* Fulltrúar RKÍ hafa m.a. það hlutverk að sinna þeim þolendum sem flokkaðir eru „grænir“ en geta gengið. Þeir eru fluttir af SSS og á á SAK, C-inngang, göngudeild BMT, til skoðunar. Ef heilsa þeirra leyfir þá eru þessir þolendur fluttir frá SAK og í fjöldahjálparstöð, sjá nánar kafla 6.7.

Uppdráttur af skipulagi SSS er að finn í viðauka í 13. Kafla.

6.5 Söfnunarsvæði látinna (SSL)

<u>Starfsemi:</u>	Staður þar sem líkum eða líkamsleifum er safnað, borin kennsl á, skráð og skýrslugerð fer fram.
<u>Staðsetning land:</u>	Sandgeymslan á flugvelli
<u>Staðsetning sjór:</u>	Sandgeymslan á flugvelli
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögreglan / aðrir
<u>Kortatákn</u>	<div style="border: 1px solid black; padding: 5px; display: inline-block; text-align: center;">SSL</div>

6.6 Gæslustörf á vettvangi

<u>Starfsemi:</u>	Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfssvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn og umsjón með Söfnunarsvæði látinna.
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Aðstoðamaður:</u>	Lögreglumaður eða svæðisstjórn björgunarsveita svæði 11. Kallmerki „Gæslustjóri“.
<u>Undirstjórnandi:</u>	Verkefnisstjóri / Svæðisstjóri eftir eðli verkefnis
<u>Ytri lokun:</u>	Við innakstur að flugvelli
<u>Innri lokun:</u>	Innri lokun miðast við girðingu umhverfis flughlað.
<u>Bílaumferð á velli:</u>	Þar sem við á getur þurft að stýra umferð viðbragðsaðila á vellinum t.d. við SLY, við SSS og með tilliti til sjúkraflugs. Gert í samvinnu við flugvallarstarfsmenn með keilur og talstöðvarsamband við flugturn.
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögreglan Björgunarsveitir Starfsmenn á flugvelli


Verkefni og verkaskipting

Uppsetning á innri lokun við slyssað	Lögreglan
Verndun vettvangs vegna rannsóknar	Lögreglan
Skipulag á umferðastjórn og lokunum innan vallar	Lögreglan/Björgunarsveitir
Umsjón með söfnunarsvæði látinna	Lögreglan
Framkvæmd á gæslu einstakra starfssvæða	Lögreglan
Löggæsla og verndun á slysavettvangi	Lögreglan
Löggæsla og verndun á söfnunarsvæði	Lögreglan/Björgunarsveitir
Ytri lokanir	Lögreglan/Björgunarsveitir
Talning	Lögreglan/Björgunarsveitir


Kortatákn:

Innri lokun

Ytri lokun



Afmarkar þau svæði sem eru algjörlega lokuð öðrum en neyðarþjónustuaðilum.



Afmarkar umráða- og starfssvæði vettvangsstjórnar.

6.7 Fjöldahjálparstöð (FHS)

<u>Starfsemi:</u>	<p>Staður þar sem þolendum er safnað saman til upplýsingagjafar, skráningar og stuðnings</p> <p>Þar fer fram:</p> <p>Móttaka og skráning þolenda, úrvinnsla á skráningu með það að markmiði að sameina fjölskyldur, Aðhlyning, Gæsla á verðmætum, Almenn skyndihjálp, Sálræn skyndihjálp, Sálgæsla sem veitt er af forystumönnum trúfélaga, Áfallahjálp sem veitt er af fulltrúum SA, Upplýsingamiðlun til aðstandenda</p>
<u>Staðsetning</u>	Lundarskóli eða húsnæði Akureyrardeildar Rauða kross Íslands, Viðjulundi 2
<u>land OG sjór:</u>	
<u>Ábyrgð:</u>	Aðgerðastjórn (ATH, er ekki undir stjórn vettvangsstjórnar).
<u>Aðrir stjórnendur:</u>	Yfirmaður neyðarnefndar RKÍ stjórnar innri starfsemi á FHS í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.
<u>Hverjir sinna:</u>	<p>RKÍ</p> <p>Prestar</p>
<u>Kortatákn:</u>	<div style="border: 1px solid black; padding: 5px; display: inline-block;"> <p>FHS</p> </div>

6.8 Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Starfsemi: Staður þar sem aðstandendum er safnað saman til upplýsingagjafar, skráningar, og stuðnings. Sameining aðstandenda og þeirra sem komust óslasaðir eða lítið slasaðir frá slysinu.

Staðsetning Í Glerárkirkju

land OG sjór:

Ábyrgð: Aðgerðastjórn (ATH, er ekki undir stjórn vettvangsstjórnar).


Aðrir stjórnendur: Yfirmaður neyðarnefndar RKÍ stjórnar innri starfsemi á SSA í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.

Hverjir sinna: RKÍ
Prestar
Áfallahjálparteymi SA
Fulltrúi flugrekanda/flugafgreiðsluaðila

Verkefni og verkaskipting

Upplýsingagjöf til aðstandenda	RKÍ/fulltrúi flugrekanda/flugafgreiðsluaðila.
Skráning aðstandenda og tengsl við þolendur	RKÍ
Almenn sálgæsla huggun og andleg uppörvun	SAK / RKÍ / prestar
Sameining aðstandenda og lítið slasaðra	RKÍ
Aðstöðusköpun á SSA	RKÍ
Fyrirgreiðsla við erlenda ríkisborgara í samvinnu við	RKÍ/fulltrúi flugrekanda/flugafgreiðsluaðila, utanríkisráðuneytið og / eða viðkomandi sendiráð / ræðismann

Kortatákn:



6.9 Talning/Skráning

Starfsemi: Talning og staðsetning þolenda í slysinu. Hafa yfirsýn um hvar þolendur eru á hverjum tíma. Gæslustjóri eða fulltrúi hans sér um að taka saman tölur frá talningapóstum og upplýsa VST og AST um fjölda og staðsetningu.

Staðsetning Talið við slysstað, inn og út af söfnunarsvæðum. Talið við flutning út fyrir YL og afrifa skilin eftir.

Verkbáttarstjóri: Gæslustjóri

Hverjir sinna: Lögreglan á Akureyri

Björgunarsveitir

Kortatákn:

TALNING

Á slysstað

Þar fer fram bráðaflokkun og í því kerfi eru þolendur taldir eftir bráðaflokkun og gefur þetta fyrstu upplýsingar um ástand þolenda á slysstað. Björgunarstjóri kemur þessum upplýsingum til Gæslustjóra og/eða VST

Á söfnunarsvæði slasaðra

Þar er talið inn og út af svæðinu.

Á söfnunarsvæði látinna

Þar fer fram skráning á látnum og líkamshlutum.

Af svæðinu

Þegar þolendur fara út af SSS (á sjúkrastofnanir eða önnur söfnunarsvæði utan VST) skilja þeir eftir afrifur greiningarspjalda. Talningamenn skrá á afrifuna hvert viðkomandi verður fluttur.

Það er hlutverk AST / VST í samvinnu við SST að vinna úr skráningum og tryggja að vitað sé um alla sem í slysinu lentu þegar aðgerðum er lokið.

Talningablað – sjá viðauka í 13. kafla.

7 FLUGSLYS Á SJÓ

7.1 Inngangur

Flugslys, eða hættu á flugslysi á sjó, kallar á sértækar aðgerðir. Allt skipulag verður að laga sig að staðsetningunni og ytri aðstæður s.s. veður geta haft mikil áhrif.

Aðilar eru sammála um að flugslysaáætlun Akureyrarflugvallar gildi sjálfkrafa innan 10 mílna ríðius frá flugvelliðum, þ.e. að öll boðun og uppbygging fari fram samkvæmt henni. Ávallt verður þó taka tillit til aðstæðna s.s. varðandi veður og sjólag. Ef vafi er á að slysaáætlun sé innan 10 mílna skal boða samkvæmt þessari áætlun.

Sé slysið áætlað lengra frá landi en 10 mílur, fellur það undir önnur viðmið um leit og björgun og þá aðrar áætlunir. Ávallt er þó hægt að taka ákvörðun um að nýta sér flugslysaáætlunina þó fjarlægð sé lengri.

7.2 Staðhættir

Aðflug að Akureyrarflugvelli liggur að hluta til yfir sjó:

Aðflug á 01:	Úr norðri inn Eyjafjörð
Aðflug að 19:	Úr suðri út Eyjafjörð

7.3 Skilgreiningar

Skilgreiningar um aðgerðir koma fram í almannavarnastigum. Almannavarnastig eru flokkuð eftir alvarleika, umfangi viðbúnaðar og þörf á forgangi

7.4 Boðun

Boðun fer fram samkvæmt kafla 4, hættustig og neyðarstig á sjó.

7.5 Stjórnun

Landhelgisgæslan ber ábyrgð á og stjórnar leit og björgun vegna loftfara sem óttast er um, lenda í flugslysum eða er saknað. Landhelgisgæslan ber ábyrgð á vettvangsstjórn ef slysaáætlun er á hafinu. Ísavia annast viðbúnaðarþjónustu vegna loftfara.

Um leit og björgun loftfara gilda ákvæði 132. gr. Loftferðarlaga nr. 60 /1998, sjá einnig reglugerð nr. 71/2011. Um leit og björgun á hafinu gilda lög um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006.

Stjórn á sjó – SST: Yfirstjórn leitar og björgunar utan skilgreinds hafnarsvæðis er á ábyrgð Landhelgisgæslu Íslands. SST eru höfuðstöðvar viðbragðsaðila og þar fer fram heildarsamræming aðgerða. Stjórnun fer fram í SST og er fulltrúi Landhelgisgæslunnar í SST stjórnandi aðgerða.

VST á sjó(OSC): VST á sjó er á höndum þess aðila sem Landhelgisgæslan tilnefnir og getur hún ákveðið að skipa nýjan vettvangsstjóra á hverjum tíma. JRCC tilnefnir/skipar vettvangsstjóra sjó(OSC). Vettvangsstjóri á sjó starfar undir JRCC.

AST í landi: AST er undir stjórn lögreglustjóra. AST er virkjuð vegna sjóslyss innan og utan skilgreinds hafnarsvæðis. Lögreglustjóri getur í öllum tilvikum ákveðið sjálfur í samráði við almannavarnadeild hvort virkja eigi AST.

VST í landi: VST er á höndum lögreglunnar (Sjá kafla 5). VST annast móttöku og björgun þolenda í landi.

7.5.1.1 Uppbygging stjórnunar

Stjórnun björgunaraðgerða á sjó felur í sér nokkur stig, eftir staðsetningu og umfangi atburðarins, en í þessari áætlun er stjórnun skipt upp í eftirfarandi þætti:

Stutt frá landi,	Samhæfing í SST, VST í landi og björgunarstjóri á SLY
Lengra frá landi,	Samhæfing í SST, björgunarstjóri eða VST á sjó(OSC)
Á hafi úti,	Samhæfing í SST, VST á sjó(OSC).

7.5.1.2 Aðgerðastjórn

Aðgerðastjórn er staðsett að Hjalteyrargötu 12, Akureyri. Í SST eru til staðar þær stjórnstöðvar sem koma að boðun og samhæfingu. Í upphafi er boðun og samhæfing á höndum þeirra stöðva sem eru með 24t. vakt. Fulltrúi Landhelgisgæslunnar kemur í AST – sjór þegar því er við komið.

Í framhaldi er kölluð saman aðgerðastjórn almannavarna sem vinnur í nánu samstafi við SST.

7.5.1.3 Vettvangsstjórn í landi

